

Upprunamerkingar nautgripakjöts

- Leiðbeiningar til matvælafyrirtækja sem hafa með framleiðslu og/eða merkingu á nautgripakjöti að gera s.s. sláturhús, kjötvinnslur, kjötbúðir og kjötdeildir verslana

Það á að vera hægt að rekja kjötstykki og hakk, kælt eða frosið, til baka til sláturhúss, og dýrs eða dýrahóps sem kjötið kemur af. Þetta er til þess að hægt sé að rekja og innkalla kjötið ef upp koma mál sem varða öryggi eða heilnæmi matvæla.

Krafan um upprunamerkingu nautakjöts kemur fram í II. bálki reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða, sem innleidd var í íslenska löggjöf með reglugerð nr. 968/2011.

Það er á ábyrgð matvælafyrirtækja að útfæra hvernig rekjanleiki nautakjöts er tryggður svo hann uppfylli skilyrði áðurnefndrar reglugerðar.

Hvaða kjöt fellur undir reglugerðina

Reglugerðin gildir um eftirfarandi nýtt, kælt og fryst kjöt af nautgripum.

Kýrkjöt	Kjöt af kúm, 30 mánaða og eldri.
Ungneytakjöt/ nautakjöt	Kjöt af nautum, uxum eða kvígum, 12 til 30 mánaða gömlum.
Alikálfakjöt	Kjöt af kálfum, 3 til 12 mánaða.
Ungkálfakjöt	Kjöt af kálfum, allt að 3 mánaða.

Hvaða matvæli og afurðir falla ekki undir reglugerð nr. 968/2011?

- Innmatur og halar
- Unnar kjötvörur (tilberedt kød, meat preparation)
Kjöt sem er blandað saman við önnur hráefni og aukefni, en hefur eiginleika nýs kjöts.
Dæmi: Hakk sem er blandað með öðrum hráefnum. Kjöt í kryddlegi.
- Kjötafurðir (kød produkter, meat products)
Dæmi: Hitameðhöndlað kjöt.

Nýtt nautgripakjöt, annað en hakk

Nýtt nautgripakjöt, annað en hakkað kjöt, á að merkja samkvæmt 13. grein reglugerðar nr. 1760/2000/EB með:

- Tilvísun sem tengir kjötið við dýr eða dýrahóp sem það kemur af.
Þetta getur verið númer eða strikamerki.
- Landi sem dýrin eru fædd í
- Landi sem dýrin eru alin í
- Landi sem dýrum er slátrað og samþykkisnúmer sláturhúss
- Landi þar sem kjötið er stykkjað í og samþykkisnúmer stykkjunarstöðvar

Ef dýrin eru fædd, alin og þeim slátrað í sama landi má nota „uppruni í“ í stað „fædd í“ og „alin í“.
Þar sem nautgripum sem fæddir eru á Íslandi er alltaf slátrað á Íslandi og kjötið unnið hér á landi, er það álit Matvælastofnunar að nægilegt sé að merkja

- Upprunaland Ísland, auk þess að gefa upp samþykkisnúmerin og tilvísun.

Nautgripahakk

Samkvæmt 14. grein reglugerðar nr. 1760/2000/EB þarf að merkja hakk með:

1. **tilvísun í dýr/dýrahóp** Þetta getur verið númer eða strikamerki.
2. **upprunalandi** (eða: fæddur í og alinn í) ef upprunaland/lönd eru ekki þau sömu og landið sem kjötið er unnið/hakkað í. Þetta þarf því ekki að koma á hakki úr íslenskum dýrum.
3. **landi þar sem dýrinu er slátrað**
4. **landi þar sem kjötið er unnið/hakkað**

Ekki þarf samþykkisnúmer sláturhúss og stykkjunarstöðvar á hakki

Ef kjötið kemur frá fleiru en einu landi, þurfa að koma upplýsingar um lönd uppruna, slátrunar og vinnslu eftir því sem við á og tilvísun verður að tryggja tengingu kjöts við ákveðna dýrahópa.

Dæmi:

<p>Nautgripahakk af íslenskum dýrum, slátrað á Íslandi og hakkað á Íslandi</p> <ul style="list-style-type: none">• Tilvísun• Slátrað á Íslandi eða sláturland: Ísland• Unnið á Íslandi eða hakkað á Íslandi <p>Þar sem nautgripum sem fæddir eru á Íslandi er alltaf slátrað á Íslandi og kjötið unnið hér á landi, er það álit Matvælastofnunar að nægilegt sé að merkja</p> <ul style="list-style-type: none">• Upprunaland Ísland, auk tilvísunar.

<p>Nautgripahakk af dýrum frá Ítalíu og slátrað á Ítalíu og hakkað á Íslandi</p> <ul style="list-style-type: none">• Tilvísun• Uppruni: Ítalía eða Fædd og alin: Ítalía eða fædd á Ítalíu og alin á Ítalíu• Slátrað á Ítalíu eða sláturland: Ítalía• Unnið á Íslandi eða hakkað á Íslandi
--

<p>Nautgripahakk af dýrum frá Slóveníu, slátrað á Ítalíu og hakkað á Íslandi</p> <ul style="list-style-type: none">• Tilvísun• Uppruni: Slóvenía eða fædd og alin í Slóveníu eða fædd í Slóveníu og alin í Slóveníu• Slátrað á Ítalíu eða sláturland: Ítalía• Unnið á Íslandi eða hakkað á Íslandi

<p>Nautgripahakk af dýrum frá Slóveníu og Ítalíu, slátrað á Ítalíu og hakkað á Íslandi</p> <ul style="list-style-type: none">• Tilvísun• Uppruni: Slóvenía og Ítalía eða fædd og alin í Slóveníu og Ítalíu eða t.d. fædd í Slóveníu og alin í Slóveníu og Ítalíu• Slátrað á Ítalíu eða sláturland: Ítalía• Unnið á Íslandi eða hakkað á Íslandi
--

Mars 2014